

## Mat á sýnileika skv. 6. gr. reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna

### Breyting á skerðingarsvæðum á grundvelli sýnileikagreiningar:

Í 6. gr. reglugerðarinnar segir: „Þar sem landslag, svo sem fjöll eða dalir, byrgir sýn á mannvirki eða önnur tæknileg ummerki sem tilgreind eru í 5. gr., er heimilt að afmarka skerðingarsvæði mannvirkisins samkvæmt greininni við þann hluta svæðisins þar sem mannvirkið er sýnilegt. Sá hluti svæðisins telst þá ekki til óbyggðra víðerna.“

Í greininni er með öðrum orðum átt við að þó sett séu tiltekin fjarlægðarmörk á mannvirki í 5. gr., geti svæði innan þeirrar fjarlægðar samt sem áður talist til óbyggðra víðerna, ef landslag byrgir sýn á mannvirkið. Ef mannvirki er t.d. á bak við fjall, niður í dal, eða er á annan hátt hulið frá ákveðnum svæðum, telst það ekki hafa áhrif til skerðingar á þeim svæðum. Afleiðingin er sú að innan fjarlægðarmarka 5. gr. geta, að uppfylltum öðrum skilyrðum, talist óbyggð víðerni.


Skv. 1. mgr. 6. gr. er sýnileikagreining slíkra svæða framkvæmd með viðurkenndri landfræðilegri aðferðafræði og miðast við sjónarhorn frá 1,75 m hæð yfir jörðu. Sú hæð er notuð til að miða nokkurn veginn við augnhæð manns þannig að verið er að líkja eftir raunverulegri upplifun. Mælt er fyrir um að nota skuli bestu fáanlegu landhæðargögn sem Náttúrufræðistofnun hefur yfir að ráða. Hér er því ekki um huglægt mat að ræða heldur hlutlæga, tæknileg greiningu.

Í 4. mgr. 6. gr. er á hinn bóginn kveðið á um lágmarks skerðingarfjarlægð, 1 km, frá öllum mannvirkjum sem valda skerðingu samkvæmt 5. gr. Innan þess svæðis er sýnileikagreiningu ekki beitt. Þetta þýðir að alltaf er gert ráð fyrir ákveðnu lágmarks áhrifasvæði í kringum mannvirki, óháð því hvort þau sjást eða ekki. Víðerni geta því aldrei verið skilgreind innan 1 km frá slíku mannvirki.

### Dæmi um mannvirki sem hefur t.d. 2 km fjarlægðarmörk:

Byggingin á skýringarmyndinni hér að neðan hefur 2 km. fjarlægðarmörk skv. 5. gr. Ef landslag veldur því að mannvirkið sést ekki innan bláa svæðisins getur bláa svæðið talist óbyggt víðerni því það er fyrir utan 1 km. lágmarks skerðingarsvæðis, en innan 2 km. fjarlægðarmarka í 5. gr.

Þrátt fyrir að landslag valdi því að byggingin sjáist ekki innan hluta brúna svæðisins, er það svæði innan lágmarks 1 km skerðingarsvæðisins. Sá hluti getur því aldrei talist til óbyggðra víðerna, óháð niðurstöðu sýnileikagreiningar.




## Einstakir sýnleikaflákar skv. 6. grein:

Í 2. mgr. 6. gr. er kveðið á um undantekningu frá þeirri meginreglu að sýnileg mannvirki innan fjarlægðarmarka 5. gr. útiloki svæði frá því að teljast víðerni. Ef aðeins eru til staðar litlir og afmarkaðir staðir þar sem mannvirki sjást (svokallaðir sýnleikaflákar), og flatarmál hvers slíks fláka er minna en 2% af heildarskerðingarsvæðinu, er heimilt að líta fram hjá þeim. Í einföldu máli þýðir þetta að smávægilegir punktar þar sem mannvirki sjást hafa ekki áhrif á heildarmat á víðernum.

### Dæmi um einstaka sýnleikafláka mannvirkis sem hefur 2. km fjarlægðarmörk:

Þrátt fyrir að mannvirkið í miðjunni á skýringarmyndinni fyrir neðan sjáist frá fjólubláu punktunum þá teljast þeir til óbyggðra víðerna ef flatarmál hvers punktar er minna en 2% af heildarflatarmáli alls skerðingarsvæðisins (2 km radíusnum frá byggingunni).



## Mismunandi lágmarks skerðingarfjarlægðir skv. 6. grein:

Í dæmunum hér að framan er miðað við lágmarks 1 km skerðingarfjarlægð sem gildir almennt um flest minni eða lítt áberandi mannvirki skv. 5. gr.

Sum mannvirki eru þó talin hafa meiri og víðtækari áhrif á upplifun landslags og víðerna, meðal annars vegna stærðar, umfangs, sýnleika, hávaða eða starfsemi. Þetta á til dæmis við um uppbyggða vegi með bundnu slitlagi, hótél og aðra umfangsmikla þjónustu fyrir almenning, háspennulínur, vindmyllur, orkuver, stíflur og miðlunarlón.

Fyrir slík mannvirki er því gert ráð fyrir lágmarks 2,5 km skerðingarfjarlægð, þar sem sýnleikagreining er ekki beitt.

Í einföldu máli þýðir þetta að þessi mannvirki eru talin hafa áhrif á stærra svæði í kringum sig en minni eða lítt áberandi mannvirki, óháð því hvort þau sjást frá tilteknum stað eða ekki.